

# Hrekkjavaka í Pakkhúsinu

Hrekkjavakan er haldin 31. október ár hvert og þegar dagurinn lendir í miðri viku, líkt og í ár, notar heimsbyggðin oft helgarnar sitthvoru megin við daginn sjálfan til að halda upp á hann. Grímubúningar, grasker, draugar og leðurblökur eru áberandi á þessum tíma og halda vinnustaðir og heimili iðulega skemmtilega viðburði með drungalegum skreytingum. Í ár setti menningarnefnd Snæfellsbæjar Pakkhúsið í Ólafsvík í drungalega yfirhalingu og bauð bæjarbúum að eiga hryllilega huggulega samverustund sunnudaginn 29. október. Á staðnum var 10. bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar með kaffisölu og Ungmennaráð Snæfellsbæjar bauð upp á andlitsmálningu.

Pakkhúsið var skreytt að utan sem innan með drungalegum en fjölskylduvænum skreytingum sem bæði börn og fullorðnir höfðu gaman af. Föndursmiðja var á staðnum fyrir áhugasama þar sem hægt var að föndra múmíu kertalukt eða hrekkjavöku skrautborða og á annarri hæð hússins var gestum boðið í draugaleit en 13 draugum hafði verið komið fyrir á við og dreif um safnið og mikið kapp var lagt í að koma auga á þá alla.



Mikill fjöldi barna og unglunga í metnaðarfullum búningum mættu á viðburðinn ásamt foreldrum, systkinum, ömmum og öfum. Mikið líf var í Pakkhúsinu þennan dag og hver veit nema komin sé á árleg Hrekkjavökuhefð í Snæfellsbæ.

SJ

## Nýtt ræsi á Hvalsá



Hleðsla á grjóttgarðinum austan megin við félagsheimilið Klif er komin langt á leið en þegar ljósmyndari átti leið hjá á dögnum var unnið við að steypa yfir ræsi á Hvalsá. Verið er að lengja ræsið sem upp runalega var þar. Aðalvinnu við uppsetningu nýs ræsis er lokið en nú á eftir að tengja það nýja við það gamla. Steypan fær svo

þrjár vikur til að þorna og verður þá gengið frá í kringum ræsið og hlaðið yfir það. Grjóttgarðurinn verður því heill og samfelldur yfir alla lengjuna. Í samtali við Guðjón Björnsson hjá Vegagerðinni segir hann þessa framkvæmd verða til mikilla bóta en Vegagerðin í Ólafsvík er með verkið og Narfeyri ehf hefur séð um uppplátt og steypu.

SJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

# Lionsklúbbur Ólafsvíkur styrkir bátakaup

Lionsklúbbur Ólafsvíkur afhenti á dögnum Björgunar-bátasjóði Snæfellsness styrki í sjóð sem ætlað er að fjármagna nýtt björgunarskip, styrkurinn nam 500.000 krónum.

Þann 7. október síðastliðinn skrifaði Björgunarsveitin Lífsbjörg undir samning þess efnis að smíði verði hafin á nýju skipi fyrir Björgunarbátasjóðinn en þetta skip verður það fjórða í röðinni. Með nýju skipi mun viðbragðstími stytta um helming, aðstaða verða betri ásamt því að viðhaldsrekstur mun minnka til muna. Að hafa öflugt björgunarskip í Breiðafirði, þar sem fiskveiðiflotinn, skemmtiskip, ferja og fleiri fley fara um, er mjög nauðsynlegt. Áætlaður afhendingartími á nýju skipi er í desember 2024 og er stórt og krefjandi verkefni framundan en báturinn kostar 324 milljónir króna.



Íslenska ríkið mun borga helming þeirrar upphæðar og Landsbjörg fjórðung en þá sitja eftir 81 milljón sem Björgunarsveitin Lífsbjörg mun greiða. Með góðu baklandi

er björgunarsveitinni allir vegir færir og vinnan við söfnun kaupverðsins rétt að byrja.

Meðfylgjandi mynd er tekin við afhendingu styrksins en á staðnum voru þeir Halldór Kristins-

son og Magnús Emanúelsson fyrir hönd Lífsbjargar og Hilmar Már Arason, Sigurður Ingi Guðmarsson og Stefán Kristófersson fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur.

SJ

## Jól í skókassa

MÓTTAKA SKÓKASSA Í SNÆFELLSBÆ  
FER FRAM

KL. 16.00 - 18.00  
FIMMTUDAGINN 2. NÓVEMBER

Í ÁTTHAGASTOFU SNÆFELLSBÆJAR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFSÍÐU KFUM OG KFUK  
[WWW.KFUM.IS/SKOKASSAR](http://WWW.KFUM.IS/SKOKASSAR)

AÐRAR UPPLÝSINGAR GEFUR  
SIGURBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR S. 843-0992



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

[vegr@vegr.is](mailto:vegr@vegr.is) [vegr.is](http://vegr.is)

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Rökkurdagar 2023

Fyrsti vetrardagurinn bar upp á 28. október í ár en þann sama dag hófst dagskrá Rökkurdaga í Grundarfirði. Þessi árlegi tími þegar grundfirðingar hægja taktinn eftir bjart og viðburðaríkt sumar og búa sig undir veturinn er haldinn í 22 skiptið en hátíðin fór fyrst af stað árið 2001. Menningarhátíðin er á vegum Menningarnefndar Grundarfjarðarbæjar og var fjölbreytt dagskráin sett saman í samráði við bæjarbúa. Dagskráliðum hátíðarinnar er dreift yfir lengra tímabil í ár en áður hefur verið gert og munu Rökkurdagar standa frá 28. október til 12. nóvember, þannig ættu bæjarbúar og gestir

áð ná að mæta á og njóta fleiri viðburða. Um liðna helgi var til að mynda Veturnáttablót á Bjargasteini, Hrekkjavökuball á Kaffi 59, kertaljosastund í kirkjugarðinum í Grundarfirði og opnun á listasýningu Emily Daggar. Menningarhátíðin heldur áfram með balli, tónleikum, bingói, rithöfundakvöldi, sýningum og föndri, svo eitthvað sé nefnt, til 12. nóvember. Viðburðir á vegum menningarnefndar og fyrirtækja í bænum er að finna á dagskránni sem borin var í öll hús í Grundarfirði auk þess sem hægt er að nálgast hana á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar og Facebook síðu Rökkurdaga í Grundarfirði.

SJ





# Olíu- og smurefni Fyrir öll svið atvinnulífsins!

## Glussi 32 & 46 Hydromax HT HVI (20L & 210L)



Hentar á allan vökvabúnað.

## Grease CAS 2 Green Smurfeiti



Mjög vatnsfælin, háhitapólin og álagspólin smurfeiti.  
(- 25°C upp í + 330°C).

## Grease Lithium Complex EP Blue



Nútíma afkastamikil og alhliða feiti, hentar bæði í iðnað og á farartæki. Hentar fyrir mikið álag.

## Performance Clean BC



Iðnaðarhreinsiefni og fituleysiefni með mikla upplausnargetu. Fjarlægir olíur, fitu, bremsuvökva og annað.



**Performance X3**  
Fjölhæft smurefni fyrir erfiðar aðstæður. Smyr og verndar keðjur, kapla, rennur og smýgur í gegnum og losar fasta hluti.



**Performance Citrus Clean**  
Öflugt hreinsiefni byggt á sítrus. Fjarlægir fitu, tjöru, olíu, vax, blek, plastefni, límmiða og leifar af lími. Virkar á málm, stál trefjagler, ál, steypu, tré og stein.

# Ingjaldshólskirkja 120 ára

Sunnudaginn 29. október var haldin afmælisgudþjónusta á Ingjaldshóli. Tílefnid var 120 ára afmæli kirkjunnar. Dóra Sólrún Kristinsdóttir og Ægir Örn Sveinsson sóknarprestur leiddu stundina. Tónlistaratriði voru í höndum Kirkjukórs Ingjaldshólskirkju, Elena Makeeva, Evgeny Makeev, bræðranna Gabríels Góa og Oliver Mar Jóhannssona ásamt Sigríðar Eyrúnar Friðriksdóttur. Að lokinni messu var veisluhlaðborð á vegum Kvenfélags Hellissands. Veðrið skartaði sínu fegursta og var engu öðru líkt að almættið sjálft fagnaði með gestum. Eins

og fram kom í upphafi þá er kirkjan 120 ára en hvergi er bilbug að finna. Undanfarin ár hefur kirkjan verið í stöðugu viðhaldi og hefur það kostað skildinginn. Eins og áður hefur komið fram skartar nýr ljósakross og byggingaráttal kirkjunnar á turni forkirkju og nú nýverið var flísalagður inngangur kirkju. Sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju vill koma á framfæri sérstökum þökkum til eftirfarandi aðila og allra þeirra sem hafa stutt við kirkjuna í hvaða formi sem það er.

*Fyrir hönd sóknarnefndar,  
Ari Bent Ómarsson.*

Steinprent ehf.

Skarðsvík ehf.

Sandbrún ehf.

Breiðavík ehf.

Láarif ehf.

Fiskmarkaður Íslands hf.

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf.

KG Fiskverkun ehf.

Kristín Vigfúsdóttir

Guðmundur Kristjánsson

Guðbjartur ehf.

Hópfærabílar Svans Kristóferssonar ehf.

Snævélur ehf.

Smári Jónas Lúðvíksson og fjölskylda

Helga Hermannsdóttir og fjölskylda

Lionsklúbbur Nesþinga

Kristinn J. Friðjófsson og fjölskylda

## Brimilsvallakirkja 100 ára



100 ára afmæli Brimilsvallakirkju var fagnað þann 28. október með hátíðarmessu en kirkjan var vígð þann 28. október 1923. Séra Ægir Örn þjónaði fyrir altari í messunni og Kirkjukór Ólafsvíkur leiddi safnaðarsönginn við undirleik Nönnu Aðalheiðar Þórðardóttur. Fyrir í haust voru haldnir afmælistónleikar Brimilsvallakirkju þar sem leikinn var tónlist, sungin lög og flutt erindi sem tengdust Brimilsvallakirkju á einn eða annan hátt. Í hátíðarmessunni lokinni þann 28. október var kirkjugestum boðið til kaffisamsætis í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju og var það Kvenfélag Ólafsvíkur sem sá um veglegar veitingar fyrir gestina.

Í Safnaðarheimilinu hélt Veronica Osterhammer, formaður afmælisnefndar Brimilsvallakirkju, ræðu og fór yfir hvað hefur verið gert fyrir kirkjuna. Auk Veronicu sátu Sigurbjörg Kristjánsdóttir, Hanna Metta Bjarnadóttir, Séra Ægir Örn Sveinsson og Pétur Bogason í afmælisnefndinni. Aðrir gestir tóku einnig til máls í kaffisamsætinu og fóru með áhuga-verð erindi en það voru þeir Sturla Böðvarsson, Einar Sveinbjörnsson og Séra Friðrik J. Hjartar. Þorsteinn Jakobsson söng einnig nokkur lög við undirleik Valentínu Kay.

Veðrið lék við kirkjugesti sem náðu að njóta afmælis dags Brimilsvallakirkju til hins ýtrasta.

SJ



**Neyðarkall til þín**

Dagana 2-5 nóvember fer fram sala á Neyðarkalli 2023 og munu félagar Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar ganga í hús og selja.

**FISKMARKAÐUR ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

Opnun á sýningunni

# SJÓKONUR Á SNÆFELLSNESI

SÝNINGIN VERÐUR OPNUÐ Í  
GESTASTOFU SNÆFELLSNESS Á  
BREIÐABLIKI SUNNUDAGINN  
5. NÓVEMBER

5. NÓVEMBER, KL: 16:00

GESTASTOFA SNÆFELLSNESS ER OPIN ALLA  
DAGA FRÁ KL. 10:00 - 15:00

SÝNINGIN ER BYGGÐ Á RANNSÓKNUM MARGARET  
WILLSON SEM HEFUR GEFID ÚT BÓKINA  
*SEAWOMEN OF ICELAND: SURVIVAL ON THE EDGE*

*SÝNINGIN ER Á ÍSLENSKU OG ENSKU*

LÉTTAR VEITINGAR VERÐA Í BOÐI

VERIÐ ÖLL VELKOMIN





# Öflug dagskrá í Frystiklefanum

Gríðarlegur fjöldi fólks hefur sótt Frystiklefan á Rífi síðustu misseri þar sem Heimaleikurinn hefur verið í sýningu. Sex sýningar í almennri sölu auk aukasýninga troðfylltust og oftast en ekki var bætt við sætum svo allir sem vildu kæmst að. Hefðbundin dagskrá Frystiklefans tók sér þó ekki frí á meðan sýningum stóð og hélt Stebbi Jak, söngvari Dimmu, tónleika fyrir fullu húsi föstudagskvöldið 20. október. Voru tónleikarnir í anda tónleika sem Stebbi hefur haldið í bílskúrnum sínum síðustu þrjú ár sem heita "Í skúrnum hjá Stebba Jak" og samanstóð dagskráin af lögum af ferli Stebba í bland við létt grín og sögur. Þá var einnig hlé á sýningum á Heimaleiknum laugardaginn 28. október þegar

heimildarmyndin Skuld var sýnd á stóra skjánum í Frystiklefanum. Skuld er heimildarmynd um ungt par sem hættir skuldastöðu sinni og sambandi þegar þau feta í fótspor forfeðra sinna og gera út trilluna Skuld á handfæraveiðum. Myndin er tekin að mestu upp á Rífi og átti Snæfellsbær nokkra fulltrúa í henni, bæði í myndinni sjálfri og í Trillukarlarakórnum, sem syngur lokalag myndarinnar, Þorskbæn. En þar sem mikil eftirspurn og mikil aðsókn hefur verið í að sjá Heimaleikinn á heimavelli er sýningum ekki lokið á heimildarmyndinni vinsælu og hefur verið bætt við tveimur sýningum til viðbótar, önnur er laugardagskvöldið 4. nóvember og hin klukkan 15 á sunnudeginum og hentar því vel fyrir

yngru kynslóðina en eftir þessar sýningar verður Heimaleikurinn ekki sýndur aftur í Frystiklefanum í bili. Þar með er skipulagðri dagskrá á Rífi þó ekki lokið því þann

11. nóvember mun Pétur Jóhann Sigfússon svo mæta á Snæfellsnesið og trylla lýðinn með nýju efni í Frystiklefanum.

SJ



Bifreiðaverkstæði / Egis.  
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



## AKSTURSSTYRKIR

### Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómstundaiðkun.

**Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-**

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

*Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnarsýsla – Reglur og samþykktir.*

**Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)**



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR  
SJÁLFTÆÐI - METNADUR - SAMKENND

## Laus staða við Grunnskóla Snæfellsbæjar - Ólafsvík

Laus er staða skólaliða við starfstöðina í Ólafsvík, 100% stöðugildi, frá 1. janúar 2024.

### Starfsvið:

- Prif á skólahúsnæði og skólalóð.
- Gæsla í frímínútum og matartímum.
- Leiðbeina nemendum í leik og starfi.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni.

### Menntun, reynsla og hæfni:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í íslensku er skilyrði.

Borgað er samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu Snæfellsbæjar:

<https://snb.is/wp-content/uploads/2013/12/Atvinnuums%C3%B3kn.pdf>

Upplýsingar veitir Hilmar Már Arason skólastjóri í síma 894 9903.

Umsóknir skal senda til skólastjóra á netfangið hilmara@gsnb.is.

# Eyrbyggjurefill hlýtur styrk

Stykkishólmsdeild Noræna félagsins veitti í dag Eyrbyggjasögufélaginu styrk til refilsaumsverkefnis félagsins sem formlega verður hleypt af stokkunum n.k. laugar- dag í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi, kl. 14 með fjölbreyttri dag-skrá.

Stjórn Stykkishólmsdeildar Noræna félagsins, Sólborg Olga Bjarnadóttir gjaldkeri, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir ritari og fráfarandi formaður Þórhildur Pálsdóttir veittu styrkinn þriðjudaginn 31. október 2023 á Fosshótel Stykkishólmi og það var ritari Eyrbyggjasögufélagsins, Anna Sigríður Melsted sem tók á móti styrknum fyrir hönd stjórnar. Anna þakkaði fyrir styrkinn og í máli hennar kom fram að kostnaður við verkefnið er umtalsverður og er þessa dagana verið að ganga frá samningi við hönnuð refilsins, svo allir styrkir koma að góðum notum.

Refilsaumur er saumgerð sem dregur nafn sitt af orðinu refill. Reflar voru skrautleg tjöld úr ull eða líni sem höfð voru til þess að tjalda innan bæði kirkjur og híbýli

fólks fyrir á tíð. Refilsaumur er aðeins eitt útsaumsspora sem notuð voru á miðöldum og er afbrigði af útsaumi sem nefndur er lagður saumur. Þessi meistaraverk íslenskrar miðaldalistar voru unnin af listfengum konum sem bjuggu yfir þekkingu og þjálfun í vefnaði og útsaumi.

Þekktasti refillinn er hinn franskí Baeyeux refill. Hér á Íslandi hefur refill með efnivið úr Njálssögu og Vatnsdælasögu verið hannaður og saumaður að hluta til og nú stendur til að setja í gang refilgerð með myndskreytingum og sögum úr Eyrbyggjusögu. Hugmyndin var kynnt fyrir öllum kvenfélögum á Snæfellsnesi s.l. vor. Kvenfélögin eru sjö talsins, en þau munu koma að framkvæmd saumaskaparins við refilinn hvert í sinni sveit. Það eru Kvenfélag Hellissands, Kvenfélag Ólafsvíkur, Kvenfélagið Björk Helgafellssveit, Kvenfélagið Hringurinn Stykkishólmi, Kvenfélagið Liljan Eyja- og Miklaholtshreppi, Kvenfélagið Gley mér ei Grundarfirði og Kvenfélagið Sigurvon Staðarsveit. Til stendur að sýna refilinn, þegar



Frá vinstri: Anna, Þórhildur, Sigurlína og Sólborg Olga við veitingu styrksins

þar að kemur, um allt Snæfellsnes og verður þannig til nokkurskonar refilslóð á sögulslóðum Eyrbyggjusögu á Snæfellsnesi.

Hönnuður refilsins er Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndlistarmaður og rithöfundur en hún hannaði einnig Njálurefil og Vatnsdælafeil. Torfi Tulinius prófessor í miðaldabókmenntum við Háskóla Íslands, vinnur að drögum að handriti sýningar um Eyrbyggju og efnisþáttum sem endurspeglast í refilsaumnum.

Á laugardeginn verður viðburður á vegum Eyrbyggjasögufélagsins í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi þar sem Torfi, Kristín og Sæmundur Kristjánsson koma fram og verður m.a. sýnd fyrstu drög að teikningum á refilinum. Þess má geta að sama dag opnar stærsta sýning ársins á 160 ára afmæli Þjóðminjasafnsins þar sem öll varðveitt íslensk refilklæði sem varðveist hafa verða sýnd í fyrsta sinn saman.

# Alla leið á öruggari dekkjum



## Cooper Discoverer Snow Claw

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður  
Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst  
við lágt hitastig  
Afburðagott grip, neglanlegt  
SWR og 3PMS merking



## Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður  
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur  
fyrir jeppa og jepplinga  
Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



## Cooper Discoverer Winter

Míkróskorin óneglanleg vetrardekk  
Afburða veggrip og stutt  
hemlunarvegalegd  
Mjúk í akstri með góða vatnslosun

Notaðu  
N1 kortið

Verslun N1  
Ólafsbraut 57, Ólafsvík, 436-1581

N1

ALLA LEIÐ